

**REGLUGERÐ**

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Tálknafjarðarhöfn nr. 43 19. febr. 1970.

**1. gr.**

VI. kafli orðist þannig:

Um gjöld til hafnarinnar.

**20. gr.**

Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt samkvæmt gjaldskrá, er hafnarstjórn semur og samgönguráðuneytið staðfestir.

**2. gr.**

Kaflar VII, VIII, IX, X, XI og XII falli niður og breytist töluröð reglugerðarinnar í samræmi við það þannig að kafli XIII verður VII og greinar 37—42 verði 21—26.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 7. mars 1975.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*

7. mars 1975.

Nr. 124.

**GJALDSKRÁ**

fyrir hafnarsjóð Tálknafjarðarhrepps.

**I. KAFLI**

Um hafnargjöld í Tálknafjarðarhreppi.

**1. gr.**

Öll skip eða fleytur, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, er síðar greinir.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttó-stærð skipanna, eins og hún er mest, skv. mælibréfi skips. Hálf rúmlest telst sem heil en minni hluta er sleppt. Undanþegin lesta- og bryggjugjaldi eru herskip, íslensk vítaskip og varðskip.

**Lestagjöld.****2. gr.**

- a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald, kr. 6.00 á brúttórúmllest.
- b. Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 3.00 á brúttórúmllest.
- c. Innland fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiði kr. 6.00 á brúttórúmllest, þó ekki oftár en tvisvar í mánuði.
- d. Bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 400.00 á brúttórúmllest þó aldrei minna en kr. 2000.00.